

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 318/2023

2024/EES/48/21

frá 8. desember 2023

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2012 frá 16. janúar 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga með því að ákvarða ramma fyrir samanburðaraðferð við útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta ⁽¹⁾.
- 2) Tímabundin og skilyrt undanþága frá beitingu tilskipunar 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga, vegna sérstöðu Íslands að því er varðar nýlegar og einsleitar byggingar landsins, hefur verið samþykkt í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn. Þessi undanþága gildir um tilskipun 2010/31/ESB sem er í gildi fyrir breytingarnar á tilskipun (ESB) 2018/844 Evrópuþingsins og ráðsins frá 30. maí 2018. Því ber framseldri reglugerð (ESB) nr. 244/2012 ekki að gilda gagnvart Íslandi. Undanþágan takmarkast við ákveðinn frest og skal einungis gilda þangað til samkomulag næst varðandi það að fella tilskipun 2010/31/ESB, breytt með tilskipun (ESB) 2018/844, inn í EES-samninginn. Lita ber svo á að samkomulag hafi náðst þegar tilskipun 2010/31/ESB eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2018/844 hefur verið felld inn í EES-samninginn.
- 3) IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 17. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„17a. **32012 R 0244:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2012 frá 16. janúar 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga með því að ákvarða ramma fyrir samanburðaraðferð við útreikning á kostnaðarhagkvæmustu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 18).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerðin gildir ekki um Ísland.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 244/2012, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður